

89. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn föstudaginn 11. október 2013 kl 16:30 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð og svo var ekki.

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 88.

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð fræðslunefndar dags. 25. september 2013.

Lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð íþróttá- og tómstundarnefndar dags. 1. október 2013.

Lögð fram til kynningar.

Sveitarstjóri kynnti að búið er að fara yfir mál félagsmiðstöðvarinnar. Verið er að aðgreina rekstur félagsmiðstöðvarinnar frá rekstri sveitarfélagsins með því að stofna kennitölu fyrir félagsmiðstöðina. Fara þarf í lagfæringar á aðstöðunni og verið er að skoða kostnað vegna þessa.

Indriði Þóroddsson mætti á fundinn.

4. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar dags. 30. september 2013

Lögð fram til kynningar.

Ævar Rafn Marinósson mætti á fundinn.

Liður 1 lagður fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórn samþykkir að það megi rífa sundlaugina gerist þess þörf. Samþykkt með 5 atkvæðum. 1 var á móti.

Liður 2 lagður fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórn samþykkir að Toppfiskur bori eftir heitu vatni innan lóðamarka. Samþykkt samhljóða.

Liður 4 lagður fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórn samþykkir að athafnarsvæðið við Stórholt verði stækkað til austurs. Samþykkt samhljóða.

Liður 5. Sveitarstjóri óskar eftir því að fresta staðfestingu á þessum lið fram á næsta fund. Samþykkt samhljóða.

Liður 6. Umsókn um stöðuleyfi fyrir hæsnakofa fyrir neðan lóðina í Vesturvegi 11. Sveitarstjórn samþykkir stöðuleyfi fyrir hæsnakofa fyrir neðan lóðina í Vesturvegi 11 að uppfylltum settum skilyrðum. Samþykkt samhljóða.

5. Fundargerð frá Vegagerðinni vegna Hafnarframkvæmda á Þórshöfn dags. 25. september 2013.

Lögð fram til kynningar.

Sveitarstjóri kynnti að reiknað er með að hafnarframkvæmdum ljúki á Þórshöfn í næstu viku og þá verði farið á Bakkafjörð. Björgun mun taka tvö aukaverk að sér áður en þeir fara á Bakkafjörð.

Samhliða dýpkuninni á Bakkafirði þarf að gera lagfæringar á flotbyggjunni sem eru nauðsynlegar.

Siglingamálastofnun sér um að taka lokaúttekt á verkinu við verklok.

6. Bréf frá Fjármálanefnd Alþingis. Fundir sveitarstjórna með fjárlaganefnd Alþingis dags 26. september 2013.

Fjárlaganefnd Alþingis býður fulltrúum sveitarfélaga til viðtals um fjármál sveitarfélaga í tengslum við vinnu nefndarinnar vegna fjárlagafrumvarps 2014. Fundardagarnir eru áætlaðir 28., 29., 30. október og 1. nóvember. Mælt er með því að sveitarfélögin nýti sér fjarfundarbúnaði. Óska þarf eftir fundi við fjárlaganefnd Alþingis. Sveitarstjóra falið að óska eftir fundartíma og undirbúa fundinn. Nánari upplýsingar um undirbúning og fundartíma verður gefinn upp á næsta reglulega sveitarstjórnarfundi. Sveitarstjórnarmenn hvattir til að senda sveitarstjóra ábendingar um efni.

7. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dags. 18. september 2013 varðandi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Lagt fram til kynningar.

Ábending kom fram um að sveitarfélagið ætti að sjá um að dreifingu á þessu bréfi innan stofnanna og nefnda sveitarfélagsins.

8. Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 24. september 2013. Fundarboð á ársfund umhverfisstofnunar og náttúruvendrarnefnda sveitarfélaga þann 24. október 2013.

Lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Velferðarráðuneytinu dags. 25. september 2013 varðandi sameiningu heilbrigðisstofanna.

Sveitarfélaginu gefst kostur á því að koma með athugasemdir við fyrirhugaðar sameingar heilbrigðisstofnana fyrir 15. október n.k. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.

10. Boðun á jafnréttisþing þann 1. nóvember frá Velferðarráðuneytinu og jafnréttisráði.

Lagt fram til kynningar.

Ákveðið að senda þetta alla deildarstjóra til kynningar

11. Skólalæping Sveitarfélaga haldið þann 4. nóvember 2013

Lagt fram til kynninga.

Ákveðið að senda þetta fundarboð á skólastjóra Langanesbyggðar.

12. Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu dags 23. september 2013. Ítrekuð beiðni um upplýsingar varðandi endurbótaáætlun Grunnskóla Þórshafnar.

Búið að senda bréfið á formann fræðslunefndar og skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri taka stöðuna á því hvar málið er statt.

13. Bréf frá Björgunarsveitinni Hafliða ódagssett styrkumsókn.

Siggeir lýsir yfir vanhæfi sínu til að fjalla um þetta mál. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri leggur til að afgreiðslu um styrktarsamning sé frestað að sinni með tilvísun til stöðu sveitarfélagsins í dag. Styrkumsóknina þarf að skoða nánar í vinnu við fjárhagsáætlun 2014 sem liggur fyrir. Samþykkt samhljóða.

14. Bréf frá leikskólabörnum á Barnabóli „Bláfáninn 2014.“

Lagt fram til kynningar. Erindinu vísað til hafnarnefndar til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða.

15. Skýrsla Sveitarstjóra

a. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna

Ólafur, Siggeir og Sírý sóttu fundi sem haldnir voru í Reykjavík í síðustu viku. Samhliða fjármálaráðstefnunni voru ýmsir aðrir fundir og fjölmörg áhugaverð erindi. Skrifstofustjóra falið að senda á sveitarstjórnarmenn og varasveitarstjórnarmenn erindin af fjármálaráðstefnunni.

b. Skólastefnuverkefni

Opinn íbúafundur á morgun. Þátttaka í fundinum er ekki góð og er það miður þar sem um mjög stóran og mikilvægan málaflokk er að ræða.

c. Íbúafundur vegna Finnaþarðar

Fundur haldinn bæði á Þórshöfn og Vopnafirði í gær. Tæplega 60 manns sóttu fundinn á Þórshöfn.

Skoruvíkurbjarg

Sveitarstjóri kynnti stöðu á framkvæmdum.

d. Drög að árshlutareikningi, 8 mánaða uppgjör

Lagður fram rekstrareikningur fyrir fyrstu 8 mánuðina og staðan rædd. Sveitarstjóri leggur til að auka sveitarstjórnarfundur verði haldinn fimmtudaginn 17. október n.k. þar sem rekstur sveitarfélagsins verður eingöngu á dagskrá.

e. Skjalavarsla sveitarfélaga

Kynnt fyrir fundarmönnum upplýsingaplagg um skjalavörslu sveitarfélaga. Mikilvægt að skoða möguleikana á að fara að vinna í skjalavörslumálum sveitarfélagsins.

16. Trúnaðarfundur

Fundinum lokað og fundargerð færð í trúnaðarbók.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:50.